

## Prepzyme®

Vörunúmer 34559

### Fjölþrepa ensímfroðuúði

### Hjálpar til við að koma í veg fyrir að lífrænar leifar festist á yfirborði skurðaðgerðarverkfæra og speglunartækja

Prepzyme® er örugg og hentug lausn til að halda óhreinum verkfærum og speglunartækjum rökum og hjálpar þannig til við að koma í veg fyrir að lífrænar leifar festist við yfirborð þeirra áður en afmengun fer fram. Prepzyme® þekur verkfærin og brýtur niður blóð, fitu, prótein og kolvetni áður en þau berast á miðlæga hreinsunar- eða afmengunardeild.

Hentar einstaklega vel til notkunar á skurðstofum, speglunardeildum, dagdeildum skurðlækninga, tannlækningastofum og öðrum deildum áður en verkfæri eru flutt til afmengunar. Prepzyme® kemur í veg fyrir skvettur við flutning og dregur þannig úr leka og óhreinindum. Með því að koma í veg fyrir að lífrænar leifar þorni á yfirborði hjálpar Prepzyme® til við að stytta hreinsunartíma. Klínískar prófanir hafa sýnt að auðvelt er að skola Prepzyme® burt og að það er 100% lífbrjótanlegt.

### Eiginleikar

- Virkar samstundis og viðheldur stöðugri virkni
- Byrjar að brjóta niður blóð, fitu, prótein og kolvetni fyrir hreinsun
- Kemur í veg fyrir leka, skvettur og óhreinindi
- Hjálpar til við að koma í veg fyrir að lífrænar leifar þorni á yfirborði
- Einfalt og öruggt í notkun
- Öruggt fyrir öll verkfæri og speglunartæki – lengir endingartíma
- Hlutlaust pH (slípar ekki)
- 100% lífbrjótanlegt
- Auðvelt að skola burt
- Skaðar hvorki málma, plast, gúmmí né rifflaðar slöngur

### Notkunarleiðbeiningar

1. Úðið beint á óhrein verkfæri og speglataeki strax eftir notkun.
2. Látið froðuna vera á verkfærum og speglunartækjum þar til þau eru tilbúin til hreinsunar. Bætið við Prepzyme® eftir þörfum til að halda þeim rökum.
3. Skolið verkfæri vandlega áður en hreinsun hefst.

Fargið notaðri lausn.

Varúð: Forðist langvarandi snertingu við húð. Má ekki gleypa. Geymið þar sem börn ná ekki til.

